



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um váttryggingarsamninga.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

ÞEIR SEM NJÓTA VÁTRYGGINGARVERNDAR.

2. Þeir sem eru váttryggðir.

- 2.1 Váttryggingartaki er váttryggður. Auk váttryggingartaka njóta váttryggingarverndar þeir ökumenn, sem fengið hafa leyfi hans til að aka hinu váttryggða ökutæki og eru til þess færir samkvæmt umferðarlögum.
- 2.2 Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila en greinir í 1. mgr. (málsgrein), svo sem réttihafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum skráðum eða óskráðum eignarréttindum nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Váttryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Váttryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

3. Landfræðileg mörk váttryggingarinnar.

- 3.1 Váttryggingin gildir á Íslandi. Ennfremur gildir váttryggingin hvar sem er í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum, sbr. (samanber) þó 3. mgr. Gildistími erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem ökutækið er flutt frá Íslandi. Váttryggingin gildir ekki annars staðar í Evrópu eða í löndum utan Evrópu nema með samþykki félagsins. Sjá þó takmörkun í 5. gr. (grein). Bætur fyrir tjón greiðast eingöngu í íslenskum krónum.
- 3.2 Váttryggingin gildir jafnframt fyrir ökutækið í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða.
- 3.3 Váttryggingin gildir ekki fyrir atvinnutæki erlendis nema með samþykki félagsins og greiðslu viðaukagjalds.

4. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til.

- 4.1 Auk þeirra tjónstilvika, sem getur í 5. til 9. gr., bætir félagið skemmdir á hinu váttryggða ökutæki, sbr. 12.gr., sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum:
- eldingar,
 - eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingar sem stafar af honum,
 - áreksturs,
 - áaksturs,
 - veltu,
 - útafaksturs eða hraps ökutækisins,
 - grjóthruns,
 - snjóflóðs úr fjallshlíð,
 - skriðufalls,
 - aur- eða vatnsflóðs.
 - vatns, sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húsnæðis þar sem hið váttryggða er til geymslu.
- 4.2 Váttryggingin nær til sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, s.s. (svo sem) um tún eða engi, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í hið váttryggða ökutæki.

5. Stuldur – skemmdarverk.

- 5.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka.
- 5.2 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt þessari grein að félaginu og lögreglu sé strax tilkynnt um tjónið. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

6. Fok – óveður.

- 6.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu ef það fýkur eða ef vélarhlíf, kistulok eða hurðir fjúka upp. Einnig bætast aðrar skemmdir á ökutækinu af völdum ofsaveðurs hafi vindhraði náð 28,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignartjón hafi orðið á svæðinu. Tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutæki bætist þó ekki.
- 6.2 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 6.1 gildir sérstök varúðarregla, sbr. skildaga nr. 2 við skilmála þessa, varðandi tiltekin ökutæki sé þess getið í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

7. Tjón við flutning ökutækis.

- 7.1 Félagið bætir skemmdir er verða á ökutækinu við flutning á því með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Skemmdir í sjóflutningi bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða. Tjón af völdum sjóbleytu bætist ekki.

8. Brot á rúðum ökutækis.

- 8.1 Félagið bætir brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum ökutækisins, enda þótt skilyrði gr. 4.1, 5.1, og 6.1 séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.

9. Skemmdir á palli vörubifreiðar.

- 9.1 Félagið bætir skemmdir er verða við það að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þá er honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki. Váttryggður ber þó 25% hærrí eigin áhættu en skráð er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

10. Flutningskostnaður.

- 10.1 Félagið greiðir kostnað við björgun og við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært af völdum áreksturs, áaksturs, veltu eða útafaksturs sem verður við akstur eftir vegum landsins.

11. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar.

- 11.1 Félagið greiðir ekki bætur þegar:
- tjón hlýst af því að váttryggður eða ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því sem um ræðir eða misst réttindi til að aka því,
 - um er að ræða kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið,
 - um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu,
 - ekið er annars staðar en á vegum landsins, svo sem túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur, þó að því undanskildu er skemmdir verða þegar ökumaður hefur neyðst til að aka út af akbraut, til dæmis vegna viðgerðar á vegi,
 - skemmdir hljóttast af því að ökutæki er ekið í vatni eða sjó,
 - váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar,
 - skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða,
 - ökutækið er fengið í hendur aðila sem er ófær til að aka skv. (samkvæmt) 48.-50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019,
 - skemmdir hljóttast af völdum annarra náttúruhamfara en þeirra sem getur í g. til j. liðum gr. 4.1 og 6. gr., svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sandfoks,
 - tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - skemmdir hljóttast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- I. um er að ræða tjón af völdum dýra.
- 11.2 Auk þeirra takmarkana sem greinir í 1. mgr. gilda ennfremur sérstakar takmarkanir varðandi einstök tjónstilvik sem váttryggingin tekur til og nánar greinir í 4. til 9. gr. Einnig gilda sérstakar takmarkanir varðandi einstaka hluta hins váttryggða, sbr. 2. og 3. mgr. 12. gr.

12. Skemmdir á ökutæki sem bætast og einstakir hlutar sem ekki bætast.

- 12.1 Váttryggingin bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum og sílsalistum, sem eru varanlega tengd ökutækinu.
- 12.2 Váttryggingin bætir ekki:
- skemmdir er varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler, annað en rúður sbr. 8. gr., svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækisins og skemmdir sem af því stafa,
 - skemmdir á rafbúnaði ökutækis er hljótast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða,
 - skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttunnar,
 - skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins,
 - skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman,
 - skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti,
 - skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.
 - skemmdir á auglýsingum og öðrum sérmerkingum.
 - skemmdir á einstökum hlutum ökutækisins sem eru skemmdir fyrir þegar váttryggingaratburður verður, svo sem vegna slits eða ónógs viðhalds eða eldra tjóns.
- 12.3 Váttryggingin tekur ekki til neins aukaútbúnaðar ökutækisins, svo sem farsíma, talstöðva, staðsetningartækja, vörulyfta og krana vörubíreiða, skíðaboga og lausra farangursgrinda, nema um annað sé samið og þess getið í váttryggingarskírteini.

SKYLDUR VÁTRYGGÐS ER TJÓN VERÐUR.

13. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 13.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það með sannanlegum hætti.
- 13.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 13.3 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. og 2. mgr. getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.
- 13.4 Félagið leysist úr ábyrgð ef váttryggingartaki krefur það ekki um bætur innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan er reist á.

14. Framsal réttar – endurkröfuréttur.

- 14.1 Váttryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

VÁTRYGGINGARVERÐMÆTI – VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐ – TJÓNSUPPGJÖR – BÓTAÁKVÖRDUN.

15. Váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.

- 15.1 Váttryggingarverðmæti ökutækisins er ávallt markaðsvirði þess, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Verði ökutæki fyrir fleiri en einu tjóni á sama váttryggingartímabili skal fjárhæð bóta ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi váttryggingartímabilsins. Váttryggingarfjárhæð, sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, skal þó ætíð vera sú hámarksfjárhæð sem greidd er í bætur á hverju váttryggingartímabili.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

16. Algert tjón.

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur, að teknu tilliti til vátryggingarverðmætis þess sbr. 15. gr., að ekki borgi sig að gera við það,
- ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

17. Bætur fyrir algert tjón.

17.1 Verði algert tjón getur félagið valið hvort það bæti tjónið með því að:

- greiða markaðsvirði ökutækisins (gegn staðgreiðslu) þó að hámarki vátryggingarfjárhæðina, sbr. 15. gr., eða
- afhenda í stað hins vátryggða ökutækis annað ökutæki sömu tegundar og af sambærilegri gerð, aldri og gæðum, en sé slíkt ekki unnt að öllu leyti skal félagið einnig bæta með peningum markaðsvirði hins vátryggða ökutækis að frádregnu markaðsvirði hins afhenta ökutækis.

17.2 Við uppgjör skv. 1. mgr. getur félagið krafist afsals fyrir hinu vátryggða ökutæki.

18. Viðgerðarkostnaður.

18.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 16. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið.

18.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Mat á viðgerðarkostnaði skal fara fram á bifreiðaverkstæði, sem hefur starfsleyfi lögum samkvæmt. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.

18.3 Lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissir (sjá þó gr. 18.4), aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki.

18.4 Félagið greiðir útlagðan kostnað við leigu á bílaleigubifreið í minnsta stærðarflokki (t.d. Toyota Aygo, Fiat Panda, Volkswagen Up), í allt að fimm daga á meðan vátryggt ökutæki er í viðgerð vegna tjóns sem er bótaskyldt úr vátryggingunni.

19. Ökutæki í eigu rekstraraðila.

19.1 Sé ökutæki í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna ökutækisins sem innskatt í rekstri sínum, bætur félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.

20. Endurnýjun einstakra hluta.

20.1 Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

BREYTING ÁHÆTTU RANGAR UPPLÝSINGAR OG VARÚÐARREGLUR O.FL (OG FLEIRA).

21. Breyting á áhættu.

21.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af því hver notkun hins vátryggða ökutækis er samkvæmt því sem skráð er í vátryggingarskírteini og búsetu vátryggingartaka.

21.2 Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Vátryggingartaki skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér breytingu á áhættu, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar.

21.3 Ef vátryggt ökutæki er leigt án ökumanns með milligöngu einkaleigu, sbr. lög nr. 65/2015 um leigu skáningarskyldra ökutækja og reglugerð nr. 840/2015 um sama efni, skal félaginu tilkynnt slíkt án tafar, enda ákvarðast iðgjaldið og eigin áhætta vátryggingartaka í samræmi við hina breyttu notkun eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

21.4 Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína skv. 1.-3. mgr. og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækka bætur að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar og, eftir atvikum, að teknu tilliti til breyttrar eigin áhættu váttryggingartaka skv. 3. mgr.

22. Svik og rangar upplýsingar.

22.1 Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

22.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

23. Varúðarreglur.

23.1 Váttryggðum og þeim sem hafa ökutækið með höndum er skylt að gæta þess að það sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki í lagi. Jafnframt skal séð til þess að ökutæki sé laust við hvers konar slit sem getur aukið hættu á að tjónsatburður verði og að því sé haldið við í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, þ. á m. þjónustuhandbók sem byggir á slíkum fyrirmælum framleiðanda.

23.2 Váttryggðu ökutæki skal einungis ekið af þeim sem hefur réttindi til að aka því og hefur til þess hæfni og kunnáttu. Ökumaður skal ætíð vera líkamlega og andlega fær til að stjórna ökutækinu og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna.

23.3 Þegar enginn er í hinu váttryggða ökutæki skal því læst og gluggar og önnur op skulu vera tryggilega lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á öruggum stað til að hindra að þeir komist í hendur óviðkomandi aðila.

23.4 Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga.

24. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

24.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

25. Háttsemi annarra en váttryggðs. Samsömun.

25.1 Hafi váttryggingaratburður orðið og stjórnandi ökutækisins, sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir ökutækinu, valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um váttrygginguna gilda, er félaginu heimilt, eins og lög leyfa, að skerða eða fella niður bætur til váttryggðs.

25.2 Stundi váttryggður atvinnustarfsemi er félaginu heimilt að lækka eða fella niður bætur til hans hafi stjórnandi ökutækisins valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um váttrygginguna gilda.

GILDISTÍMI, IÐGJALD O.FL.

26. Gildistími váttryggingarinnar.

26.1 Váttryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í váttryggingarskírteininu samkvæmt váttryggingarbeiðninni. Ef váttryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur váttryggingin í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið váttryggingarbeiðnina í hendur og skoðað ökutækið nema um annað sé samið. Sé ekki um annað samið gildir váttryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

27. Framlenging váttryggingarinnar og uppsögn.

27.1 Váttryggingin framlengist um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 28.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

27.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.

28. Greiðsla iðgjalds.

28.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi, sbr. gr. 26.1, og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

28.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

28.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

28.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

28.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 29. gr. skilmála.

28.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

29. Uppgjör á iðgjaldi þegar váttryggingin fellur úr gildi á váttryggingartímabilinu.

29.1 Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu skal váttryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu hlutfallsreglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir ekki þegar iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu og þess getið í váttryggingarskírteini að um árstíðabundið iðgjald er að ræða og gildir þá gr. 29.2.

29.2 Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í váttryggingarskírteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal váttryggingartaki greiða iðgjald miðað við það samanlagða hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í váttryggingarskírteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi.

| Mánuður | Flokkur 1 (t.d. vélsleðar) | Flokkur 2 (t.d. mótörhjól) | Flokkur 3 (t.d. fjórhjól) | Flokkur 4 (t.d. fornbílar) | Flokkur 5 (t.d. húsbílar) |
|----------------|-------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| janúar | 14% | 2% | 2% | 4% | 3% |
| febrúar | 23% | 2% | 4% | 4% | 3% |
| mars | 23% | 3% | 4% | 5% | 5% |
| apríl | 15% | 6% | 4% | 10% | 7% |
| maí | 8% | 14% | 4% | 12% | 12% |
| júní | 2% | 16% | 13% | 14% | 20% |
| júlí | 2% | 16% | 17% | 14% | 20% |
| ágúst | 2% | 16% | 17% | 12% | 12% |
| september | 2% | 14% | 22% | 12% | 7% |
| október | 2% | 6% | 9% | 5% | 5% |
| nóvember | 2% | 3% | 2% | 4% | 3% |
| desember | 5% | 2% | 2% | 4% | 3% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

29.3 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón lýkur váttryggingunni þegar gengið er frá tjónsuppgjöri svo fremi að váttryggingin hafi ekki fallið niður áður af öðrum ástæðum. Váttryggingartaki á ekki rétt til endurgreiðslu ef svo stendur á.

30. Sala ökutækis og afskráning.

30.1 Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar sé ökutækið afskráð eða selt, enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, sbr. þó gr. 2.2. Sé ökutækið selt eða afskráð fer um uppgjör iðgjalds skv. 29. gr. skilmála.

31. Iðgjaldsákvörðun.

31.1 Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska iðgjaldagrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki váttryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

32. Uppsagnarréttur félagsins.

32.1 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Ljúki váttryggingu með þessum hætti fer um uppgjör iðgjalds skv. 29. gr. skilmála.

GREIÐSLA BÓTA, EIGIN ÁHÆTTA OG VARNARÞING.

33. Greiðsla bóta og vextir.

33.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttrygður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

33.2 Bætur greiðast aðeins í íslenskum krónum án tillits til þess hvar váttryggingaratburður verður.

34. Eigin áhætta.

34.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í gildandi váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

35. Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl.

35.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

35.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

35.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

35.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

SKILDAGAR

Eftirfarandi skildagar gilda ef þeirra er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun:

Númer 1. Sérútbúnaður ökutækis (húsbílar).

Vátryggingin nær til innréttinga ökutækisins svo og annars fasttengds búnaðar svo sem eldavélar, ísskáps, sjónvarps og hljómf lutningstækja. Vátryggingin nær ekki til innbús eða annarra lausra muna eða hluta.

Númer 2. Sérstök varúðarregla vegna aksturs í óveðri eða við erfið akstursskilyrði.

Ekki skal aka ökutækinu á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist yfir 24,5 m/s samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Brot gegn varúðarreglu þessari getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 20. mars 2020